



Strætó fjármálagreining

Ráðgjafarsvið KPMG

25. janúar 2021

Helstu niðurstöður og ályktanir

Verkefnið

Farþegum Strætó hefur fækkað töluvert vegna COVID 19 með tilsvarendi lækkun á tekjum og skertu sjóðstreymi.

Vegna þessa óskaði Strætó eftir að KPMG gerði fjármálagreiningu á félaginu. KPMG hefur í þessu sambandi yfirfarið:

- Uppgjör félagsins fyrir 9 mánuði 2020
- Útgönguspá fyrir árið 2020, þar með talið lausafjárhæfar eignir um áramót
- Áætlun fyrir 2021; rekstur, sjóðstreymi og efnahag.
- Skuldbindingar Strætó, þ.m.t. um þjónustu á höfuðborgarsvæðinu.
- Lykil kennitölur

Byggt á ofangreindu hefur KPMG gert fjármálagreiningu á Strætó og metið gjaldhæfi og hæfni Strætó til að standa undir skuldbindingum til skamms tíma. Auk þess er ályktað út frá núverandi rekstrarforsendum um hæfi til að starfa í samræmi við skilgreint hlutverk og stefnu til framtíðar.

Tengiliður hjá KPMG:

Steinþór Pálsson

steinthorpalsson@kpmg.is

S: 545 6230 / 616 0200

Fyrirvari

Framkvæmd vinnunnar og áhersluatriði eru í samræmi við samkomulag KPMG og Strætó og byggt á samningi frá júní 2020. Ekki hefur verið framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra gagna sem byggt er á en miðað er við að um traustar heimildir sé að ræða. KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni og niðurstöður skýrslunnar í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma síðar fram. KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli niðurstöðu skýrslunnar.

Helstu niðurstöður og ályktanir

Helstu niðurstöður

- Horfur eru á að handbært fé verði uppuríð á fyrsta mánuðum 2021.
- Strætó gerir ráð fyrir að taka að láni 400 m.kr. á vormánuðum til að styrkja sjóðstöðu, mæta fjárútfæði vegna fjárfestinga í greiðslukerfi og fleyta sér í gegnum árið.
- Áætluð meðal rekstrarútgjöld Strætó á mánuði árið 2021 eru um 760 m.kr. Helstu útgjaldaliðir mánaðarlega eru annars vegar laun og tengd gjöld og hins vegar greiðslur til verktaka vegna aksturs. Mikilvægt er að félagið hafi borð fyrir báru varðandi handbært fé, með stöðu eða aðgengi að um það bil 300 m.kr. á hverjum tíma til að mæta stærstu útgjaldaliðum innan mánaðar.
- Kennitölur um fjárhagsstöðu og greiðslugetu hafa farið versnandi á síðustu árum og horfur til næstu missera eru ekki góðar.
- Þrátt fyrir stöðuna virðist ekki veru um að ræða brot á samningsákvæðum hjá félaginu. Hins vegar má lítið út af bregða til að félagið geti ekki sinnt eðlilegri þjónustu sem er að hluta samningsbundin við ríki og sveitarfélög s.s. um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu.
- Miðað við sambærilegt rekstrarfyrirkomulag er geta til að sinna viðhaldandi fjárfestingum takmörkuð og langt undir uppsafnaðri þörf. Handbært fé frá rekstri er mjög takmarkað til að standa undir miklum lántökum til framtíðar.
- Akstur hjá Strætó er að hálfu eigin akstur og að hálfu í verktöku. Vagnaflot Strætó er orðin gamall, nýfjárfestingar hafa ekki verið nægjanlega miklar á undanförunum árum og veruleg uppsöfnuð þörf ef ætlunin er að sinna akstri með þeim hætti sem verið hefur.

Ályktanir

- Áhætta hjá Strætó er töluverð bæði til skamms sem lengri tíma.
- Veruleg óvissa um fargjaldatekjur á næstu misserum vegna þróunar á COVID og hve lengi áhrif vara.
- Þörf á að styrkja fjárhagsstöðu, handbært fé, á allra næstu mánuðum til að mæta tekjufalli.
- Veruleg áhætta á rekstrar- og þjónusturöskun vegna aldurs vagna – sem getur aukið kostnað, skaðað ímynd og lækkað tekjur.
- Við lántöku eða ný framlög þarf að liggja fyrir sýn um framtíðar fjárhagslíkan, að greiðsluhæfi sé til staðar.
- Þörf á að móta skýra stefnu, s.s. varðandi vagna – útvistun eða eigin akstur – og aðgerðaáætlun til að fylgja henni eftir.

Rekstur Strætó						
	Ársr. 2018	Ársr. 2019	9 mánaða uppgjör 2020	Útkomu- spá 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022
Tekjur						
Fargjöld	1.952	2.074	1.183	1.503	1.673	2.201
Framlag sveitarfélaga	3.557	3.836	3.097	4.088	4.337	4.337
Framlag ríkis	905	887	675	900	900	900
Akstursþjónusta fatlaðra	1.593	1.731	1.056	1.458	1.636	1.636
Tekjur útseld þjónusta og aðrar tekjur	310	218	183	240	260	260
Samtals fargjaldtekjur og framlög	8.318	8.747	6.194	8.189	8.805	9.334
Gjöld						
Almenningsvagnar, verkstæði og þvottahús	5.785	5.937	4.504	6.177	6.646	6.646
Samrekstur	738	791	576	801	853	853
Akstursþjónusta fatlaðra	310	218	1.056	1.458	1.636	1.636
Samtals rekstrarkostnaður	6.833	6.947	6.137	8.435	9.134	9.134
Rekstrarafgangur án afsk. og fjárm.	202	288	58	-246	-329	199
Afskriftir	-276	-278	-189	-255	-255	-255
Fjármagnstekjur	15	8	1	10	8	8
Fjármagnsgjöld	-63	-54	-50	-60	-70	-70
Rekstrarniðurstaða	-122	-37	-180	-551	-646	-118

Heimild: Ársreikningar Strætó (2017 og 2018), útkomuspá og áætlanir 2020-2022.

Tekjur

Farþegatekjur Strætó lækkuðu töluvert árið 2020 og er gert ráð fyrir að farþegatekjur árið 2021 verði um 80% af tekjum 2019.

- Mánaðarleg tekjudreifing fyrir 2021 er áætluð frá 36-104% miðað við mánaðarlega tekjudreifingu árið 2019.

Gert er ráð fyrir að farþegatekjur 2022 verði að grunni til sambærilegar og fyrir COVID en þó 6% hærri en 2019. Ástæða fyrir þessari áætlaðri hækkun er að Strætó gerir ráð fyrir að eðlileg aukning í farþegatekjum sé um 3% á milli ára. Aftar í þessari samantekt er gerð greining á þróun handbærs fjár ef farþegatekjur vaxa minna en þetta árið 2022.

Aðrir tekjuliðir eru óbreyttir og gert ráð fyrir að þeir munu hreyfast með verðlagi.

Mikilvægir tekjuliðir eru frá sveitarfélögum og ríki og tengjast því að viðhalda almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu.

Gjöld

Gert er ráð fyrir að gjöld hækki milli áranna 2020 og 2021, en frá þeim tíma er hér gert ráð fyrir að gjöld hreyfast með verðlagi.

Huga þarf að aldursamsetningu flota þegar verið er að skoða rekstur vagnanna sérstaklega með tilliti til viðhalds á núverandi flota.

Ef gert er ráð fyrir óbreyttum vagnafloata sem er kominn verulega til ára sinna má gera ráð fyrir að viðhald hækki nokkuð yfir tíma vegna þessara áhættu sem felst í sí vaxandi aldursamsetningu flota hjá Strætó.

Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður árið 2019 var 54 m.kr. og afborganir námu um 15 m.kr. Á árinu 2020 eru vaxtagjöld áætluð 60 m.kr. og afborgun 26 m.kr.

Gert er ráð fyrir nýrri lántöku árið 2021 uppá 400 m.kr. Vaxtagjöld á árinu 2021 verða 70 m.kr. og afborganir 38 m.kr. aukin lántaka setur því meiri þrýsting á afkomu til að standa undir vöxtum og afborgunum.

Rekstur, efnahagur, sjóðstreymi

Yfirlit Strætó - byggt á útkomuspá 2020 og áætlun 2021						
Fjárhæð í m.kr.	2018	2019	9 mánaða uppgjör	Útkomu- spá 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022
Rekstrarafgangur án afskrifta og fjármagnsliða	202	288	58	-246	-329	199
Rekstrarniðurstaða fjármagnsgjöld/tekjur	9	-75	-131	-501	-584	-56
Rekstrarafgangur	-123	-37	-180	-551	-646	-118
Eignir	3.619	3.710	3.680	3.088	2.840	0
Eigið fé	1.773	1.737	1.557	1.186	540	0
Skuldir	1.845	1.973	2.123	1.903	2.301	0
Veltufé frá rekstri	183	268	60	-238	-301	228
Handbært fé frá rekstri	-765	99	329	150	-301	228
Fjárfesting	-125	-825	-140	-130	-181	0
Ný lán	963	-15	0	0	400	0
Handbært fé í ársbyrjun	926	299	377	377	371	251
Handbært fé í lok tímabils	299	377	558	371	251	441
Kennitölur						
Eiginfjárlutfall	49%	47%	42%	38%	19%	
Framlegð (EBITDA) af tekjum	2,4%	3,3%	0,9%	-3,0%	-3,7%	2,1%
Veltufé af tekjum	2,2%	3,1%	1,0%	-2,9%	-3,4%	2,4%
Skuldir af tekjum	22%	23%	34%	23%	26%	
Skuldsetningarlutfall	56%	58%	65%	87%	87%	
EBIT / tekjum	0,1%	-0,9%	-2,1%	-6,1%	-6,6%	-0,6%
Handbært fé / heildarskuldir	0,2	0,2	0,3	0,2	0,1	
Veltufjárlutfall	0,9	1,2	1,1	0,8	0,6	
Skuldaþekja	0,3	0,2	0,2	0,2	0,1	
Greiðsluþekja	2,0	4,2	1,0	-2,8	-56,4	

Rekstur

COVID hefur veruleg áhrif á rekstur og sjóðstreymi vegna samdráttar í fargjaldatekjum árið 2020 og óvissa töluverð um þróun næstu misserin.

Árið 2022 er gert ráð fyrir að tekjur vera búnar að ná sömu þróun og var árið 2019 og ef ekki er gert ráð fyrir hækkun gjalda vegna aukins aldurs vagna batnar rekstur um 550 m.kr. milli áranna 2021-2022. Frá þeim tíma er gert ráð fyrir 2% tekjuvexti umfram útgjaldavexti vegna fjölgun farþega og rekstur bætist um 45 m.kr. milli ára.

Efnahagur

Taprekstur á árunum 2018-2022 hefur áhrif á eigið fé félagsins og er eiginfjárlutfall að lækka úr 49% árið 2018 í 19% árið 2021 miðað við áætlanir hjá Strætó.

Sjóðstreymi

Veltufé verður jákvætt um 228 m.kr. árið 2022 vegna hækkun tekna milli ára. Fjárfesting á árunum 2019-2021 er aðallega vegna hugbúnaðar og tæknilausna. Keyptir voru 2 vagnar árið 2019 en 14 vagnar árið 2018. Ekki voru keyptir vagnar árið 2020 og ekki gert ráð fyrir fjárfestingu í nýjum vögnum árið 2021.

- Áætlaður kostnaður við hver vagnakaup er 60-65 m.kr.
- Sjóðstreymi frá rekstri takmarkað fyrir miklar fjárfestingar.
- Handbært í árslok 2021 er áætlað 250 m.kr. en væri -150 m.kr. ef ekki væri fyrir áætlaða 400 m.kr. lántöku á árinu. Lántakan er 220 m.kr. hærrí en fjárfestingar og afgangur er því til að mæta halla í rekstri. Til viðbótar er mögulega hægt að líta á kröfur á tengda aðila sem ígildi lausafjár sem kæmi þá til viðbótar við áætlaða stöðu í árslok 2021 og 2022 sem er að fjárhæð 88 m.kr.


Gert er ráð fyrir að handbært hækki um 190 m.kr. árið 2022 sem er vegna hækkun fargjaldatekna en ekki er gert ráð fyrir fjárfestingu eða nýjum lánum.

Kennitölur


Við skoðun á kennitölum Strætó fyrir liðin ár og fram á við til skamms tíma er ljóst að áhætta fer vaxandi, staða félagsins er að veikjast ár frá ári til að mæta skuldbindingum og sinna eðlilegri nýfjárfestingu til að viðhalda þjónustu.

Þróun á handbæru fé

Handbært fé 2021



Handbært fé - næmnigreining



Þróun 2021

Myndin sýnir stöðu handbærs fjár eftir mánuðum á árinu 2021 byggt á stöðu félagsins í árslok 2020 samkvæmt útgönguspá fyrir það ár og svo áætlun fyrir 2021.

Annars vegar er sýnd þróun án lántölu og hins vegar með lántöku í apríl 2021 að fjárhæð 400 m.kr.

- Án lántölu verður sjóðstaða við núllið í mars og neikvæð í apríl og í árslok neikvæð um 150 m.kr.
- Með lántöku í apríl verður sjóðstaða jákvæð allt árið og jákvæð um 250 m.kr. í lok árs.

Handbært fé – næmnigreining 2021-2023

1. Tekið er lán fyrir 400 m.kr. árið 2021. Óverulegar fjárfestingar, fyrir utan greiðslukerfi, á árunum 2021-2023. Handbært fé hækkar með auknum tekjum.
2. Tekið er lán fyrir 400 m.kr. árið 2021. Fjárfest í 4 vögnum fyrir 250 m.kr. á árunum 2021-2023. Handbært fé helst stöðugt og verður um 170 m.kr.
3. Engar lántökur árið 2021. Handbært fé verður neikvætt. Óverulegar fjárfestingar, fyrir utan greiðslukerfi, á árunum 2021-2023. Handbært fé hækkar með auknum tekjum og verður jákvætt árið 2022.
4. Engar lántökur árið 2021. Handbært fé verður neikvætt. Fjárfest í 4 vögnum fyrir 250 m.kr. á árunum 2021-2023. Handbært fé er neikvætt á öllu tímabilinu.

Horfur til næstu ára og áætluð geta til fjárfestinga í nýjum vögnum

Fjárfestingar				
Fjárhæð í m.kr.	2021	2022	2023	2024
Breyting á handbæru skv. áætlun Strætó	-120	190	234	279
Handbært fé í árslok m.v. áætlun	251	441	675	953
Fjárfesting í fjórum nýjum vögnum	0	-252	-252	-252
Handbært fé í árslok án fjárfestinga	251	441	423	449
Handbært fé í árslok með fjárfestingum	251	189	171	197

Fjárfestingargeta

Ef gert er ráð fyrir hóflegri hækkun tekna á næstu árum án þess að kostnaður hækki, þrátt fyrir vaxandi áhættu vegna gamals flota, þá lítur út fyrir að hægt verði að fjárfesta í um 4 vögnum á ári. Eins og fram koma á fyrri síðu er uppsöfnuð fjárfestingaþörf töluvert umfram það.

Fjárfesting á árunum 2019-2021 er aðallega vegna hugbúnaðar og tæknilausna.

Keyptir voru 2 vagnar árið 2019 en 14 vagnar árið 2018. Ekki voru keyptir vagnar árið 2020 og ekki gert ráð fyrir fjárfestingu í nýjum vögnum árið 2021.

- Áætlaður kostnaður við hver vagnakaup er 60-65 m.kr.
- Sjóðstreymi frá rekstri takmarkað fyrir miklar fjárfestingar.

Handbært í árslok 2021 er áætlað 250 m.kr. en væri -150 m.kr. ef ekki væri fyrir 400 m.kr. lántöku á árinu.


Hægt væri að kaupa 4 vagna á ári miðað við meðalverð uppá 63 m.kr. og þá er sjóðstaða að haldast á bilinu 170-200 m.kr. á ári.

- Til viðbótar er mögulega hægt að líta á kröfur á tengda aðila sem ígildi lausafjár sem kæmi þá til viðbótar við áætlaða stöðu í árslok 2021 og 2022 sem er að fjárhæð 88 m.kr.

Aukin lántaka til að flýta fyrir fjárfestingum gæti hugsanlega verið kostur. Vegna þess hve sjóðstreymi frá rekstri er takmarkað verður ekki séð að til staðar sé mikið rými til að þjóna auknum lánum.

Þróun á handbæru fé - næmnigreining

Handbært fé - næmnigreining (eftekjur 2021 verða 90% af áætlun)



Þróun 2022 – fargjaldatekjur verða 90% af áætlun

Myndin sýnir stöðu handbærs fjár eftir mánuðum á árinu 2021 byggt á stöðu félagsins í árslok 2020 samkvæmt útgönguspá fyrir það ár og svo áætlun fyrir 2021. Gert er ráð fyrir að fargjaldatekjur á árinu 2022 verði 90% af áætlaðri stöðu og verði 220 m.kr. lægri sem hefur neikvæð áhrif á sjóðstreymi. Tekjur óbreyttar árið 2023 og 2024.

Fjárfestingar				
Fjárhæð í m.kr.	2021	2022	2023	2024
Breyting á handbæru skv. áætlun Strætó	-120	-30	234	279
Handbært fé í árslok m.v. áætlun	251	221	454	733
Fjárfesting í fjórum nýjum vögnum	0	-252	-252	-252
Handbært fé í árslok án fjárfestinga	251	221	202	229
Handbært fé í árslok með fjárfestingum	251	-31	-50	-23

Þróun 2022 – fargjaldatekjur verða 80% af áætlun

Myndin sýnir stöðu handbærs fjár eftir mánuðum á árinu 2021 byggt á stöðu félagsins í árslok 2020 samkvæmt útgönguspá fyrir það ár og svo áætlun fyrir 2021. Gert er ráð fyrir að fargjaldatekjur á árinu 2022 verði 80% af áætlaðri stöðu og verði 420 m.kr. lægri sem hefur neikvæð áhrif á sjóðstreymi. Tekjur óbreyttar árið 2023 og 2024.

Fjárfestingar				
Fjárhæð í m.kr.	2021	2022	2023	2024
Breyting á handbæru skv. áætlun Strætó	-120	-251	234	279
Handbært fé í árslok m.v. áætlun	251	1	234	513
Fjárfesting í fjórum nýjum vögnum	0	-252	-252	-252
Handbært fé í árslok án fjárfestinga	251	1	-18	9
Handbært fé í árslok með fjárfestingum	251	-251	-270	-243


Aldursamsetning flota kallar á miklar fjárfestingar eða aukna útvistun

Floti - aldurssamsetning

Elsti vagna í flota Strætó er frá árinu 2000 en sá nýjasta var keyptur árið 2019 og er meðalaldur vagna um 9 ár. Uppsöfnuð endurnýjunarþörf er veruleg.

- Strætó telur eðlilegt viðmið til lengri tíma að lífaldur verði ekki hærri en 10 ár og meðalaldur um 5 ár.
- 28 vagnar af 88 voru keyptir fyrir árið 2010, meðalaldur þeirra vagna er um 16 ár. Elstu vagnar í flota Strætó eru frá árinu 2000. Flestir af þeim vögnum sem voru keyptir fyrir árið 2010 eru frá 2003-2006.
- Mikið af eldri vögnum kallar á aukinn fjölda varavagna sem þarf að grípa reglulega til vegna tíðra bilana. Af heildar flota eru 26 varavagnar eða sem nemur 30%. Að mati Strætó ætti þetta hlutfall að vera nær 12-15% miðað við eðlileg viðmið um meðalaldur.
- Aldursamsetning vagna felur í sér töluverð áhættu á þjónusturofi eða hækkun á rekstrarkostnaði vegna aukins viðhalds eða vegna aukinna kaupa á þjónustu.
- Á allra næstu árum gæti þurft að fjárfesta í mörgum tuga vagna fyrir nokkra milljarða króna. Miðað við rekstrarhorfur Strætó hefur félagið ekki burði til að fara í slíkar fjárfestingar nema til kæmu veruleg framlög frá sveitarfélögum eða hinu opinbera.
- Ef fjárfest yrði í 14 nýjum vögnum í stað þeirra 28 sem eru eldri en 10 ára, yrði heildarfjárhæð þess 880 m.kr. (m.v. 63 m.kr. kaupverð á vagn).
- Ef fjárfest yrði í 25 nýjum vögnum vegna þeirra sem keyptir voru á árunum 2013-2014 (alls 33 vagnar), yrði heildarfjárhæð þess 1.500 m.kr. (m.v. 63 m.kr. kaupverð á vagn).

Kaupár vagna hjá Strætó




Útvistun á akstri

Strætó útvistar í dag um 50% af akstri til verktaka. Ef ákveðið verður að auka það hlutfall væri hægt að draga verulega úr eða jafnvel sleppa fjárfestingu í nýjum vögnum.

Við aukna útvistun lækkar rekstrarkostnaður vegna eigin aksturs en á móti hækkar aðkeyptur akstur. Miðað við fyrri greiningar gæti falist í því ávinningur að útvista akstri í auknum mæli m.a. þar sem komist yrði hjá verulegri fjárbindingu í nýjum vögnum.

Sjóðstreymi og handbært fé

Mánaðarleg dreifing rekstrartekna og gjalda



Sjóðstreymi og föst útgjöld

Tekju- og útgjaldadreifing hjá Strætó er nokkuð jöfn milli mánaða fyrir utan uppsveiflu í tekjum á haustin þegar skólarnir fara í gang.

Áætlun fyrir 2021 gerir ráð fyrir að sjóðstreymi vegna rekstrar verði nettó neikvætt um rúmar 300 m.kr. yfir árið. Að meðaltali á mánuði verði tekjur um 734 m.kr. og útgjöld um 761 m.kr.

Innan mánaða eru stærstu útgjaldaliðirnir greiðslur til verktaka, um 270 m.kr. á mánuði og laun svipuð fjárhæð. Þessir liðir koma þó ekki upp á sama tíma.

Strætó þarf að búa yfir nægjanlegu handbæru fé eða hafa aðgang að lánalínum á hverjum tíma til að mæta þessum útgjöldum þó tekjustreymið hliðrist aðeins til milli daga eða vikna.



kpmg.com/socialmedia



kpmg.com/app

© 2020 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Nafn og vörumerki KPMG eru skráð vörumerki KPMG International.